



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagurinn 17. nóvember 2005

Ákvörðun nr. 12/2005

Samruni 365 ljósvakamiðla ehf. og Saga film hf.

I.

Málavextir

Með bréfi Einars Þórs Sverrissonar hdl., dags. 29. júlí 2005, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um að 365 ljósvakamiðlar ehf. hefðu keypt allt hlutfé í Saga film hf. Bréfinu fylgdi samrunaskýrsla, þar sem framsetning miðast við viðauka í reglum nr. 930/2001 um tilkynningu samruna¹.

Með bréfi, dags. 22. ágúst 2005, tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að eftirlitið teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga. Skýringar samrunaaðila hafa einnig komið fram á fundum þeirra með fulltrúum Samkeppniseftirlitsins. Þá hafa fulltrúar Samkeppniseftirlitsins átt viðtöl við ýmsa aðila á markaðnum, s.s. keppinauta samrunaaðila á þeim mörkuðum sem þeir starfa á, viðskiptavinum o.fl. Að því marki sem Samkeppniseftirlitið telur viðhorf þessara aðila skipta máli fyrir niðurstöður þessa máls er tekið mið af þeim í ákvörðun þessari.

II.

Niðurstöður

1.

Samruni

Með samningi um kaup á hlutfé, dags. 20. júlí 2005, keyptu 365 ljósvakamiðlar allt hlutfé í Saga film. Samkvæmt samningnum nam kaupverð hins selda [...]² kr. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur kaupsamningurinn í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftilit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

Í samrunatilkynningunni kemur fram að 365 ljósvakamiðlar sé fjölmiðlunarfyrirtæki sem reki sjónvarps- og útvarpsstöðvar. 365 ljósvakamiðlar eiga og reka sjónvarpsstöðvarnar Stöð 2, Sýn, Sirkus, Bíorásina og Fjölvarpið og útvarpsstöðvarnar Bylgjuna, FM957, Létt 96,7, Skonrokk, X-ið og Stjörnuna. Um

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).

² Fellt út vegna trúnaðar.



Saga film segir í tilkynningunni að fyrirtækið annist framleiðslu á kvikmyndum, sjónvarpsefni og auglýsingum auk þess að leigja út tæki.

Í tilkynningunni kemur fram að markmið með samrunanum sé að búa til öflugt og sjálfstætt fyrirtæki sem sérhæfi sig í framleiðslu á kvikmyndum, auglýsingum og sjónvarpsefni. Markmiðið sé að rekstur Saga film verði aðskilinn frá rekstri 365 ljósvakamiðla og að öll viðskipti fyrirtækjanna verði seld út á markaðskjörum.

2.

Markaðurinn

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga verður að byrja á því að skilgreina þann markað sem við á. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður skilgreindur sem sölusvæði vöru og staðgönguvöru eða þjónustu og staðgöngupjónustu. Staðganga er þegar vara eða þjónusta getur að fullu eða verulegu leyti komið í stað annarrar vöru eða þjónustu. Með hliðsjón af hagfræðilegum rökum þarf að líta á viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarmiðum; annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn.

2.1. Vörumarkaður

Í kafla 6 í viðauka við reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 881/2005 um tilkynningu samruna (áður reglur nr. 930/2001) segir m.a. svo (um skilgreiningar á mörkuðum):

„Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir vörur og/eða þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgöngupjónustu vegna eiginleika sinna, verðs og áformaðrar notkunar. Markaður er sölusvæði vöru og staðgönguvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgöngupjónustu, sbr. 4. gr. samkeppnislaga. Staðgönguvara og staðgöngupjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti geta komið í stað annarrar.“

Meðal þátta, sem skipta máli við mat á viðkomandi markaði, er greining á því hvers vegna viðkomandi vara eða þjónusta tilheyrir þessum markaði og hvers vegna önnur vara eða þjónusta tilheyrir honum ekki samkvæmt framangreindri skilgreiningu og með hliðsjón af, meðal annars, hvort varan eða þjónustan nýtist sem staðgönguvara eða staðgöngupjónusta, samkeppnisstöðu, verði, verðsveiflum vegna eftirspurnar eða öðrum þáttum sem máli skipta við skilgreiningu á markaðinum.“

2.1.1. Sjónarmið samrunaaðila

Í samrunaskránni kemur fram að Saga film starfi á fjórum mörkuðum sem séu framleiðsla á kvikmyndaefni, sjónvarpsefni, auglýsingaefni auk þess sem fyrirtækið leigi út tækjabúnað. 365 ljósvakamiðlar starfi hins vegar ekki á sömu mörkuðum og Saga film nema að mjög takmörkuðu leyti. Þannig hafi 365 ljósvakamiðlar framleitt hluta af því dagskrárefni sem sýnt hafi verið á sjónvarpsstöðvum í eigu félagsins en ekki selt framleiðslu sína til annarra aðila. Þá hafi fyrirtækið stundum leigt út tæki og framleitt auglýsingar en sú starfsemi sé óveruleg. Að mati samrunaaðila feli



samruninn því í sér samruna tveggja fyrirtækja sem starfi á sitthvoru sölustigi vöru og þjónustu.

2.1.2. Sjónarmið Samkeppniseftirlitsins

Tilgangur þess að skilgreina viðkomandi markað í samrunamálum er að greina á kerfisbundinn hátt það samkeppnislega aðhald sem hið sameinaða fyrirtæki býr við.³ Við athugun á áhrifum samruna er því, við skilgreiningu á þeim markaði sem um er að ræða, verið að meta hvaða fyrirtæki eru eða geta verið í samkeppni við þau fyrirtæki sem samruninn tekur til. Þetta er gert sökum þess að það eru einungis önnur fyrirtæki sem geta veitt samrunafyrirtækjunum samkeppnislegt aðhald, og með því að skilgreina hverjir það eru sem keppa á viðkomandi markaði er hægt að meta markaðsstyrk samrunafyrirtækjanna.

Þar sem mál þetta snýst um samruna tveggja fyrirtækja sem að meginstefnu til starfa á sitthvoru sölustigi vöru og þjónustu er það mat Samkeppniseftirlitsins að nauðsynlegt sé að skilgreina þá samkeppnismarkaði sem hvort fyrirtækjanna starfar á og hafa áhrif í málinu.

Samkeppniseftirlitið gerir ekki athugasemd við það sjónarmið samrunaaðila að Saga film starfi á þeim fjórum mörkuðum sem tilgreindir eru í samrunaskránni, þ.e. framleiðslu á kvikmyndum, sjónvarpsefni, auglýsingum auk þess að starfrækja tækjaleigu. Eftirlitið telur hins vegar, eins og nánar verður rakið í kafla 3 hér á eftir, að samkeppnislegra áhrifa samrunans muni fyrst og fremst gæta við framleiðslu á auglýsingum og dagskrárefni fyrir sjónvarp.

Að því er varðar þann markað sem 365 ljósvakamiðlar starfa á og hefur áhrif í málinu telur Samkeppniseftirlitið að hann lúti fyrst og fremst að rekstri sjónvarpsstöðva. Eins og fram kom í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 12/2005 þar sem fjallað var um samruna Og fjarskipta hf. og 365 ljósvakamiðla hefur Framkvæmdastjórn EB í málum sem varða sjónvarpsrekstur skipt mörkuðum í tvo megin flokka, annars vegar markaðinn fyrir áskriftarsjónvarp og hins vegar markaðinn fyrir sjónvarp sem opið er öllum.⁴ Samkvæmt þessu mætti hugsanlega

³ Sjá leiðbeinandi reglur framkvæmdastjórnar EB um mat á láréttum samruna samkvæmt reglugerð ráðsins um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (OJ No. C31, 5.2.2004). Sjá hér einnig *Commission Notice on the definition of relevant market for the purposes of Community competition law*, birt í OJ C 372 þann 9.12.1997, en þar segir m.a. svo í inngangskafli: „Market definition is a tool to identify and define the boundaries of competition between firms. ... The objective of defining a market in both its product and geographic dimensions is to identify those actual competitors of the undertakings involved that are capable of constraining those undertakings behaviour and of preventing them from behaving independently of effective competitive pressure. It is from this perspective, that the market definition makes it possible, inter alia, to calculate market shares that would convey meaningful information regarding market power for the purpose of assessing dominance ...”

⁴ Sjá hér m.a. eftirtaldar ákvarðanir Framkvæmdastjórnar EB: Ákvörðun nr. M.469, *MSG Media Service*, frá 9. nóvember 1994, ákvörðun nr. M.993, *Bertelsmann/Kirch/Premiere*, frá 27. maí 1998, ákvörðun nr. M.1574, *Kirch/Mediaset*, frá 3. ágúst 1999, ákvörðun M.2050, *Vivendi/Canal+/Seagram*, frá 13. október 2000 og ákvörðun nr. M.2876, *Newscorp/Telepiú*, frá 2. apríl 2003. Í þessu sambandi má einnig geta skýrslu Framkvæmdastjórnar EB *Media Market Definitions – Comparative Legal Analysis* frá október 2003. Þar sem ítarlega er fjallað um markaðsskilgreiningar á fjölmiðlamörkuðum. Skýrslan var unnin af Institute of European Media Law (EMR). Eldri skýrslan er *Market Definition in the Media Sector – Comparative Legal Analysis* frá desember 2002, unnin af Bird & Bird.



líta svo á að t.d. Stöð 2 og Bíórásin tilheyrðu sérstökum markaði fyrir áskriftarsjónvarp en Skjár einn og Sirkus markaðnum fyrir opið sjónvarp. Samkeppniseftirlitið telur þó ekki þörf á því í þessu máli að skipta sjónvarpsmarkaðnum í einstaka undirmarkaði samkvæmt framansögðu. Ljóst er að viðskiptavinir Saga film sem og annarra framleiðenda á dagskrárefni eru jafnt áskriftarstöðvar og sjónvarpsstöðvar sem senda út opna dagskrá.

Með hliðsjón af framangreindu telur Samkeppniseftirlitið að þeir markaðir sem áhrif hafi í máli þessu séu annars vegar markaðurinn fyrir framleiðslu á dagskrárefni fyrir sjónvarp auk auglýsinga og hins vegar markaðinn fyrir rekstur sjónvarpsstöðva. Þar sem samkeppnismarkaðirnir eru að mestu leyti aðskyldir, þ.e. hvor á sínu sölustigi, er í meginatriðum um lóðréttan samruna að ræða.

2.2. Landfræðilegur markaður

Í 6. kafla viðauka (samrunaskrá) með reglum Samkeppniseftirlitsins nr. 881/2005 um tilkynningu samruna segir um viðkomandi landfræðilegan markað:

„Til landfræðilegs markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og/eða eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum.

Meðal þátta sem skipta máli við mat á viðkomandi landfræðilegum markaði eru eðli og einkenni viðkomandi vöru eða þjónustu, hugsanlegar aðgangshindranir eða neytendavenjur, greinilegur munur á markaðshlutdeild fyrirtækja á þessu svæði og aðliggjandi svæðum eða verulegur verðmunur.“

2.2.1. Sjónarmið samrunaaðila

Í samrunaskránni kemur fram það mat samrunaaðila að sá markaður sem Saga film og 365 starfi á taki til landsins alls.

2.2.2. Mat Samkeppniseftirlitsins

Samkeppniseftirlitið getur fallist á það sjónarmið samrunaaðila að landfræðilegur markaður þessa máls sé landið allt enda er sú skilgreining í samræmi við þann landfræðilega markað sem skilgreindur var í áðurnefndri ákvöðun samkeppnisráðs nr. 12/2005. Þrátt fyrir að Saga film bjóði þjónustu sína einnig á alþjóðlegum markaði telur eftirlitið að ekki sé tilefni til viðtækari skilgreiningar á þeim landfræðilega markaði sem við á þessu máli. Samkeppniseftirlitið telur því að sá landfræðilegi markaður sem miða beri við í máli þessu sé landið allt, Ísland. Á það við um þá markaði sem báðir samrunaaðilar starfa á.



3.

Samkeppnisleg áhrif samrunans

Við mat á samkeppnislegum áhrifum í samrunamálum þarf að taka til athugunar hvort markaðsráðandi staða verði til eða hún styrkist, sbr. 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga. Þau atriði sem horft er til í þessu sambandi eru m.a. markaðshlutdeild samrunaaðila, staða keppinauta og efnahagslegur styrkleiki, möguleg samkeppni og aðgangshindranir að markaðnum og hugsanlegur kaupendastyrkur.

Í máli þessu þarf að taka afstöðu til þess hvort umræddur samruni hafi skaðleg áhrif á samkeppni á hinum skilgreindu mörkuðum. Um er að ræða lóðréttan samruna sem felst í því að saman renna fyrirtæki sem starfa á mismunandi sölustigum. Þegar samkeppnisyfirlit með samruna af þessu tagi verður að meta hvaða áhrif hin lóðréttu tengsl muni hafa á markaðsstyrk fyrirtækjanna á hvorum markaði fyrir sig. Einnig verður að meta hvort slík tengsl geti haft þau áhrif að öðrum hugsanlegum keppinautum verði gert erfiðara um vik að komast inn á markaðinn. Verður í þessu máli að fjalla um áhrif samrunans að því er varðar markaðsstyrk hins sameinaða fyrirtækis, mögulega samkeppni og aðgangshindranir að markaðnum og áhrif samrunans á viðskiptavini.

Í samrunaskránni kemur fram það mat að hvorki Saga film né 365 ljósvakamiðlar séu markaðsráðandi á þeim mörkuðum sem fyrirtækin starfi á. Samkeppniseftirlitið telur ljóst að staða 365 ljósvakamiðla á héraendum sjónvarpsmarkaði sé sterk en fyrirtækið hefur m.a. yfir að ráða miklu af eftirsóknarverðu efni fyrir sjónvarpsáhorfendur, s.s. kvikmyndum sem framleiddar eru í Hollywood, vinsælum íþróttaviðburðum og nokkrum fjölda vinsælla sjónvarpsþátta.⁵ Þá liggur fyrir að staða Saga film á þeim markaði sem fyrirtækið starfar er mjög sterk en fyrirtækið hefur um árabíl verið leiðandi við framleiðslu á kvikmyndum, sjónvarpsefni og auglýsingum. Því til staðfestingar má nefna þá skoðun flestra aðila sem Samkeppniseftirlitið ræddi við í tengslum við athugun á máli þessu að Saga film hafi lengst af borið höfuð og herðar yfir aðra keppinauta við framleiðslu á sjónvarpstengdu efni hér á landi. Þannig sé varla öðrum fyrirtækjum til að dreifa sem fær séu um að taka að sér stærra verkefni á þessu sviði, t.a.m. framleiðslu á leiknum sjónvarpsþáttum.

Að mati Samkeppniseftirlitsins er ljóst að í þeim tilvikum þar sem lóðrétt tengsl skapast á milli tveggja öflugra fyrirtækja á hvorum markaðnum fyrir sig getur það haft þau áhrif að staða minni fyrirtækja á viðkomandi mörkuðum veikist auk þess sem möguleikar nýrra aðila til að komast inn á þá verður torveldari. Að því er varðar markaðinn sem Saga film starfar á og lýtur að framleiðslu á t.a.m. sjónvarpsefni er ljóst að samruninn myndi að óbreyttu verða til þess fallinn að útiloka aðra keppinauta frá því að framleiða dagskrárefni fyrir sjónvarpsstöðvar í eigu 365 ljósvakamiðla. Er þessi staða að mati eftirlitsins líkleg til að takmarka verulega möguleika annarra keppinauta Saga film á að selja framleiðslu sína til

⁵ Sbr. umfjöllun í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 12/2005, *Samruni Og fjarskipta hf., 365 ljósvakamiðla ehf. og 365 prentmiðla ehf.*



sjónvarpsstöðva á Íslandi en sjónvarpsstöðvar í eigu 365 ljósvakamiðla eru í sterkri stöðu á sjónvarpsmarkaði eins og áður hefur komið fram. Á sama hátt verður að telja að þegar svo öflugur aðili á sjónvarpsmarkaði kaupir eitt helsta fyrirtæki sem annast hefur framleiðslu á innlendu dagskrárefni sé það til þess fallið að takmarka möguleika annarra sjónvarpsstöðva á að fá framleitt fyrir sig dagskrárefni. Í því samhengi ber sérstaklega að horfa til þess mats margra aðila markaðarins sem getið var um hér að framan að Saga film hafi í raun verið eina fyrirtækið hér á landi sem hafi verið fært um að sinna stærri verkefnum á sviði dagskrárgerðar fyrir sjónvarp.

Að mati Samkeppniseftirlitsins er ljóst miðað við það sem fram hefur komið að kaup 365 ljósvakamiðla á Saga film muni styrkja stöðu beggja fyrirtækjanna á þeim mörkuðum sem þau starfa, stöðu sem þegar var mjög sterk. Er það mat eftirlitsins að grípa þurfi til íhlutunar til að koma í veg fyrir þær samkeppnishömlur sem samruninn felur í sér. Með hliðsjón af þessu mati Samkeppniseftirlitsins hafa átt sér stað viðræður milli eftirlitsins og fulltrúa samrunaaðila og hafa viðræður leitt til sáttar á milli þeirra, sbr. 18. gr. reglna um málsmeðferð samkeppnisyrvalda nr. 881/2005. Sáttin felst í því að samrunaaðilar eru tilbúnir að fallast á að tiltekin skilyrði verði sett vegna samrunans. Er rétt að gera grein fyrir efni þeirra.

Til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstur og tortryggni um upplýsingastreymi um keppinauta 365 ljósvakamiðla og í ljósi aðstæðna á þeim markaði sem 365 ljósvakamiðlar starfa á og raktar hafa verið hér að framan er nauðsynlegt að fullur rekstrarlegur og stjórnunarlegur aðskilnaður verði á milli 365 ljósvakamiðla og tengdra fyrirtækja annars vegar og Saga film hins vegar. Til að ná þessu fram telur Samkeppniseftirlitið nauðsynlegt að setja skilyrði um að hvorki stjórnarmenn né starfsmenn 365 ljósvakamiðla né eigendur að meira en 1% hlut í 365 ljósvakamiðlum eða tengdum fyrirtækjum sitji í stjórn eða varastjórn Saga film.

Þá telur Samkeppniseftirlitið nauðsynlegt að setja skilyrði um meðferð starfsmanna Saga film á upplýsingum um viðskipti og viðskiptakjör einstakra viðskiptavina fyrirtækisins. Þar sem eigendur Saga film kunna jafnframt að vera keppinautar viðskiptavina félagsins er mikilvægt að þeir hafi ekki aðgang að fyrrgreindum upplýsingum um keppinautana. Sama á við um starfsmenn 365 ljósvakamiðla. Þeim er óheimilt að miðla sömu upplýsingum til starfsmanna Saga film.

Hin lóðréttu tengsl Saga film við fjölmiðla í eigu 365 ljósvakamiðla sem og 365 prentmiðla geta skapað hættu á því að viðkvæmar upplýsingar um framleiðslu sjónvarpsefnis birtist í umræddum fjölmiðlum. Vegna þessa er lagt bann við því að starfsmenn Saga film miðli upplýsingum um gerð framleiðsluefnis fyrir viðskiptavini sína til annarra en þeirra viðskiptavina sem unnið er fyrir hverju sinni og eiga eðlilegan rétt til upplýsinganna. Þá er starfsmönnum 365 ljósvakamiðla einnig óheimilt að miðla viðkvæmum framleiðsluupplýsingum sem þeir búa yfir um keppinauta Saga film til starfsmanna Saga film.



Til að tryggja þetta ennfrekar verður öllum starfsmönnum Saga film og 365 ljósvakamiðla gert að undirrita sérstaka yfirlýsingu um þagnarskyldu og trúnað þar að lútandi.

Við aðstæður á markaði þar sem virk samkeppni ríkir tíðkast að framleiðendur og/eða dreifingaraðilar veiti þeim sem kaupa mikið magn betri viðskiptakjör en þeim sem kaupa minna enda getur verið augljóst hagræði af því að selja vöru og þjónustu í miklu magni. Vegna eignaraðildar að Saga film kunna 365 ljósvakamiðlar að reyna að hafa áhrif á viðskiptakjör annarra viðskiptavina Saga film. Þrátt fyrir að 365 ljósvakamiðlar verði að líkindum stærsti kaupandinn að dagskrárefni fyrir sjónvarp hjá Saga film er mikilvægt að 365 ljósvakamiðlar njóti ekki annarra eða betri kjara en aðrir viðskiptavinir fyrirtækisins umfram það hagræði sem kann að stafa af umfangi viðskiptanna. Því er nauðsynlegt að setja samrunanum skilyrði þar að lútandi.

Eins og getið var um hér að framan er það mat Samkeppniseftirlitsins að samruninn muni leiða til þess að möguleikar annarra framleiðenda en Saga film til að bjóða dagskrárefni til sjónvarpsstöðva í eigu 365 ljósvakamiðla skerðist. Í ljósi þess telur eftirlitið nauðsynlegt að setja samrunanum skilyrði sem tryggt geti að keppinautar Saga film eigi eftir sem áður möguleika á að koma framleiðslu sinni á framfæri hjá sjónvarpsstöðvum 365 ljósvakamiðla. Skilyrðið felst í því að samrunafyrirtækjunum verður bannað að gera samninga og/eða grípa til ráðstafana sem eiga að tryggja að tiltekið hlutfall eða magn af innlendu dagskrárefni, mælt í fjárhæðum eða tímalengd, sem ljósvakamiðlar í eigu 365 ljósvakamiðla sýna, verði keypt eða framleitt af Saga film. Framangreindu ákvæði er ætlað að tryggja aðkomu keppinauta Saga film að stærstum hluta þess markaðar sem er sala á innlendri dagskrágerð fyrir sjónvarp.

Eins og rakið var hér að framan nýtur Saga film styrkrar stöðu á þeim mörkuðum sem fyrirtækið starfar. Þá var getið um það sjónarmið aðila sem rætt var við í tengslum við athugun þessa máls að öðrum fyrirtækjum sem fær eru um að taka að sér ýmis stærri verkefni fyrir sjónvarp væri vart til að dreifa. Í ljósi þessa telur Samkeppniseftirlitið að nauðsynlegt sé að setja skilyrði sem bannar Saga film að synja viðskiptavinum um þjónustu nema ríkar og málefnalegar ástæður liggi þar að baki.

Athugun Samkeppniseftirlitsins hefur leitt í ljós að við þau lóðréttu tengsl sem til verða við samrunann kunni að myndast skilyrði fyrir því að tvinnuð verði saman framleiðsla á t.d. sjónvarpsauglýsingum hjá Saga film og birting þeirra hjá sjónvarpsstöðvum 365 ljósvakamiðla. Í ljósi þessa telur Samkeppniseftirlitið nauðsynlegt að setja skilyrði sem koma í veg fyrir framangreint. 365 ljósvakamiðlum verði óheimilt að gera þá kröfu til auglýsenda að þeir beini viðskiptum sínum um gerð auglýsingaefnis til Saga film. Einnig verði 365 ljósvakamiðlum óheimilt að semja um verð og viðskiptakjör við auglýsendur um birtingu auglýsinga með hliðsjón af því hvort Saga film framleiði auglýsingarnar. Á sama hátt verður Saga film óheimilt að gera þá kröfu til viðskiptavina að þeir birti auglýsingar í fjölmiðlum í eigu



365 ljósvakamiðla eða að þeir njóti tiltekinna viðskiptakjara hjá Saga film gegn því að slíkt verði gert.

Þá er og nauðsynlegt að mati Samkeppniseftirlitsins að setja samrunanum skilyrði sem stuðlar að því að öðrum viðskiptavinum Saga film en 365 ljósvakamiðlum verði tryggður sami aðgangur að framleiðslustarfsemi Saga film og 365 ljósvakamiðlum. Þannig er sérstaklega tekið fram að Saga film sé óheimilt að láta 365 ljósvakamiðla njóta forgangs við gerð framleiðsluefnis. Hafi Saga film t.a.m. lofað tilteknum skuldbindingum gagnvart viðskiptavini sínum má þeim ekki vera fórnað vegna hagsmuna 365 ljósvakamiðla. Þá mega 365 ljósvakamiðlar ekki beita sér á nokkurn hátt gagnvart Saga film þannig að það hafi þau áhrif að samkeppnisstöða annarra viðskiptavina Saga film veikist.

Efni þeirra skilyrða sem hér hefur verið lýst og koma nánar fram í ákvörðunarorði því sem hér fer á eftir er ætlað að koma í veg fyrir þau skaðlegu samkeppnislegu áhrif sem samruninn hefði að óbreyttu haft í för með sér að mati Samkeppniseftirlitsins.

III.

Ákvörðunarorð:

„Með samningi dags. 20. júlí 2005 keyptu 365 ljósvakamiðlar ehf. allt hlutafé í Saga film hf. Samkeppniseftirlitið telur að samningurinn feli í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Það er mat eftirlitsins að samruninn hafi skaðleg áhrif á samkeppni. Með heimild í 1. mgr. 17. gr. laganna og til að koma í veg fyrir röskun á samkeppni eru eftirfarandi skilyrði sett:

1. gr.

365 ljósvakamiðlar ehf. skulu tryggja að fullur rekstrarlegur og stjórnunarlegur aðskilnaður verði á milli 365 ljósvakamiðla ehf. annars vegar og Saga film hf. hins vegar. Skulu 365 ljósvakamiðlar ehf. og Saga film hf. rekin sem tveir aðskildir lögaðilar.

Stjórnarmenn, starfsmenn og eigendur að meira en 1% hlut í 365 ljósvakamiðlum ehf. og/eða fyrirtækjum tengdum 365 ljósvakamiðlum ehf. skulu ekki sitja í stjórn eða varastjórn Saga film hf. Hið sama gildir um þá sem eru makar umræddra stjórnarmanna, starfsmanna og eigenda, skyldir þeim eða mægðir í beinan legg eða systkini þeirra.

2. gr.

Framkvæmdastjóra, starfsmönnum og stjórnarmönnum Saga film hf. er óheimilt að veita öðrum, þ.m.t. eigendum félagsins, upplýsingar um viðskipti, viðskiptahugmyndir, viðskiptaáætlanir og/eða viðskiptakjör einstakra viðskiptavina félagsins. Þá er sömu aðilum með öllu óheimilt að miðla upplýsingum um gerð framleiðsluefnis Saga film hf. fyrir viðskiptavini sína til annarra aðila, þ.m.t. fjölmiðla í eigu 365 ljósvakamiðla ehf. og 365 prentmiðla ehf.



Á sama hátt er framkvæmdastjóra, starfsmönnum, eigendum og stjórnarmönnum 365 ljósvakamiðla ehf. óheimilt að veita framkvæmdastjóra, starfsmönnum og stjórnarmönnum Saga film hf. upplýsingar um viðskipti, viðskiptahugmyndir, viðskiptaáætlanir og/eða viðskiptakjör annarra viðskiptavina 365 ljósvakamiðla ehf. en Saga film hf.

Skulu allir framangreindir aðilar undirrita sérstaka yfirlýsingu um þagnarskyldu og trúnað þar að lútandi. Skulu afrit þessara yfirlýsinga send Samkeppniseftirlitinu.

3. gr.

Verð og viðskiptakjör Saga film hf. skulu vera almenn, gagnsæ og hlutlæg þannig að aðilar sem eiga í samskonar viðskiptum við Saga film hf. njóti sömu kjara. Almennar upplýsingar um verð og viðskiptakjör skulu verða aðgengilegar hjá Saga film hf.

Í 1. mgr. felst að Saga film hf. er óheimilt að láta ljósvakamiðla í eigu 365 ljósvakamiðla ehf. njóta annars verðs eða betri viðskiptakjara en aðrir viðskiptavinir Saga film hf. njóta í sams konar viðskiptum. Saga film hf. er óheimilt að veita viðskiptavinum sínum tryggðarkjör, s.s. eftirágreiddan afslátt.

4. gr.

365 ljósvakamiðlum ehf. og Saga film hf. er óheimilt að gera og starfa samkvæmt samningum eða grípa til annarra ráðstafana sem ætlað er að tryggja að tiltekið hlutfall eða magn af innlendu dagskrárefni, mælt í fjárhæðum eða tímalengd, sem ljósvakamiðlar í eigu 365 ljósvakamiðla ehf. sýna sé keypt eða framleitt af Saga film hf.

5. gr.

Saga film hf. er óheimilt að synja þeim sem þess óska um framleiðslu á dagskrárefni fyrir þá, auglýsingum eða leigu á tækjabúnaði nema ríkar málefnalegar ástæður séu forsenda sölusynjunarinnar.

6. gr.

365 ljósvakamiðlum ehf. og Saga film hf. er óheimilt að tvinna saman viðskipti um birtingu auglýsinga í fjölmiðlum 365 ljósvakamiðla ehf. annars vegar og framleiðslu eða önnur kaup á auglýsingaefni hjá Saga film hf. hins vegar. Með því er t.d. fyrirtækjunum óheimilt að gera þá kröfu til þeirra sem eiga í viðskiptum við 365 ljósvakamiðla ehf. um birtingu auglýsinga að Saga film hf. annist framleiðslu á auglýsingunum eða komi á annan hátt að gerð þeirra. Þá er 365 ljósvakamiðlum ehf. einnig óheimilt að bjóða auglýsendum tiltekin viðskiptakjör gegn því að Saga film hf. annist framleiðslu á auglýsingaefninu fyrir þá. Á sama hátt er Saga film hf. óheimilt að gera þá kröfu til viðskiptavina sinna að þeir birti auglýsingar í fjölmiðlum í eigu 365 ljósvakamiðla ehf. eða að þeir njóti tiltekinna viðskiptakjara hjá Saga film hf. gegn því að þeir beini viðskiptum sínum til 365 ljósvakamiðla ehf.



7. gr.

Saga film hf. er óheimilt að starfa eftir samningum eða grípa til annarra ráðstafana sem með beinum eða óbeinum hætti útiloka ákveðna viðskiptavinum frá viðskiptum við fyrirtækið. Í þessu felst t.d. bann við því að Saga film hf. láti 365 ljósvakamiðla ehf. njóta forgangs við framleiðslu á dagskrárefni eða leigu á tækjabúnaði. Þá er 365 ljósvakamiðlum ehf. óheimilt að beita sér á nokkurn hátt gagnvart Saga film hf. þannig að það miði að því eða hafi þau áhrif að samkeppnisstaða annarra viðskiptavina Saga film hf. veikist.

8. gr.

365 ljósvakamiðlar ehf. og Saga film hf. skulu kynna ákvörðun þessa og hvað í henni felst fyrir starfsmönnum sínum, eigendum, stjórnarmönnum og viðskiptavinum innan eins mánaðar frá birtingu hennar. Þá skulu 365 ljósvakamiðlar ehf. og Saga film hf. upplýsa Samkeppniseftirlitið um framkvæmd á ákvörðun þessari innan tveggja mánaða frá birtingu hennar.

Brot á skilyrðum sem sett eru í ákvörðun þessari varða viðurlögum samkvæmt XIII. kafla samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson